



Sjálfsmatsskýrsla 2024 - 2025



Sandgerðisskóli
vöxtur - virðing - vilji - vinátta

Bylgja Baldursdóttir

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	3
2	Skólinn	3
2.1	Stjórnun.....	3
2.2	Hlutverk	4
2.3	Þjónusta	4
2.4	Innra starf	5
2.5	Fjármál	5
2.6	Mannauður.....	6
2.7	Samfélag	6
2.8	Sjálfsmatsviðmið	7
3	Markmið og tilgangur matsins	7
3.1	Staða sjálfsmats að vori 2025	7
3.2	Verkefni og mælikvarðar	8
3.3	Matsáætlun.....	8
4	Aðferðir, framkvæmd og niðurstöður sjálfsmats.....	9
4.1	Rannsóknaraðferðir og þátttakendur	9
4.2	Helstu niðurstöður	9
	Gagnaöflun, skráning og úrvinnsla	10
	4.3 Skólapúlsinn – foreldrakönnun.....	12
	4.5 Önnur gögn	15

4.5.1 Ýmsar kannanir.....	15
4.3.1 Niðurstöður fleiri þátta.....	16
5 Samantekt og umbótaáætlun	17
5.1 Matsniðurstöður.....	17
5.1.1 Styrkleikar	17
5.1.2 Veikleikar.....	20
6 Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026.....	22
6.1 Árangursmiðun – Framtíðarsýn metin.....	25
Innra mat.....	26
Hvað er það og fyrir hvern?	26

1 Inngangur

Sandgerðisskóli hefur starfað við Skólastræti frá árinu 1938 eða í 87 ár. 310 nemendur (vor 2025) stunduðu að jafnaði nám við skólann og starfa rúmlega 70 starfsmenn við skólann, ýmist í fullu starfi, hlutastarfi eða við stundakennslu. 39 kennarar og tveir þroskaþjálfar eru starfandi við skólann þ.á.m. eru stjórnendur, náms- og starfsráðgjafi og nemendaráðgjafi. 24 aðrir starfsmenn eru starfandi við skólann, skrifstofustjóri, umsjónarmaður, verkefnisstjóri tölvumála, skólaliðar og stuðningsfulltrúar ýmist í heilu starfi eða hlutastarfi. Við skólann er starfrækt Skólasel þar sem nemendur í 1. - 4. bekk eru í gæslu að skóladegi loknum. Á Skólaseli starfa að jafnaði sex starfsmenn. Við skólann er einnig starfrækt Skýið sem er eftirkólaúrræði fyrir nemendur með sérþarfir í 5. – 10. bekk Sandgerðisskóla, Gerðaskóla og Stóru – Vogaskóla. Í Skýinu starfa að jafnaði fimm starfsmenn. Bókasafn Suðurnesjabæjar er rekið í skólahúsnæðinu sem og Skólabókasafn Sandgerðisskóla skólastjóri veitir skólabókasafninu forstöðu en það er opið nemendum, starfsfólki og almenningi á skólatíma. Innangengt er úr skóla í Tónlistarskóla Sandgerðis, bókasafn eins og áður sagði, Skólasel sem og í íþróttamiðstöð og sundlaug sem nemendur hafa aðgang að. Samstarf er víðtækt við Tónlistarskólann og leikskólann Grænuborg í Sandgerði Suðurnesjabæ. Auk þess sem barnakór er rekinn í samvinnu við tónlistarskólann.

2 Skólinn

Skólinn býr við góða aðstöðu, en farið er að þrengja að húsnæði og viðhald er áscættanlegt. Skólalóðin er stór og ákjósanleg til útivistar og leiks og er hún opin jafnt á skólatíma sem utan hans. Í skólastarfinu er áhersla lögð á uppbyggingarstefnuna, Uppeldi til ábyrgðar og nýtingu umhverfisins og nærsamfélagið allt nýtt til kennslu þar sem bæjarstæðið býður upp á margvíslega návist við náttúruna. Einkunnarorð skólans eru Vöxtur, vilji, virðing, vinátt og unnið er með þau að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Skjöldur, eineltisáætlun skólans, sem miðar að jákvæðum samskiptum er nýtt markvisst og í sífelldri endurskoðun. Áætlunin er afar metnaðarfull og sameinar hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar (e. Restitution), vinnu gegn einelti með jákvæðum samskiptum og áætlun um viðbrögð ef upp kemur samskiptavandi eða grunur vaknar um einelti. Skólinn er heilsueflandi skóli og hafa ákveðin skref í þá átt verið tekin jafnt og þétt á síðustu misserum. Lestrarstefna skólans er afar metnaðarfull og efla þarf áhuga eldri nemenda enn frekar á lestri.

2.1 Stjórnun

Skólastjóri er forstöðumaður og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart bæjarstjórn. Hann stjórnar skólanum ásamt aðstoðarskólastjóra og deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Tveir deildarstjórar starfa við skólann og stýra faglegu starfi ásamt stjórnendum og mynda þessir fjórir aðilar

stjórnunarteymi skólans. Annar deildarstjórnanna sinnir þörfum hins almenna nemanda og stýrir faglegu starfi meðal kennara, uppbroti og kennsluráðgjöf ásamt því að vera í stöðu leiðsagnarkennara. Hinn deildarstjórinn hefur umsjón með skipulagningu og framkvæmd sérkennslu og sérúrræða þ.m.t. í samráði við sérkennara og þroskaþjálfara og hefur yfirumsjón með starfsemi garðanna (Ásgarður, Riddaragarður, Þjóðgarður og Mikligarður). Einnig er starfandi deildarstjóri sérdeildar í Ásgarði. Þrír verkefnastjórnar starfa við skólann, tveir verkefnisstjórnar læsis (BL og yngsta stig – eldri stig), og verkefnisstjóri stoðþjónustu í Riddaragarði.

2.2 Hlutverk

Hlutverk Sandgerðisskóla er að hafa faglega forystu og ábyrgð á menntun sex til sextán ára barna í Suðurnesjabæ. Honum er ætlað að stýra og fylgja eftir framsækinni stefnumótun í skólamálum sem er í stöðugri þróun og endurskoðun á ári hverju í takt við skólustefnu Suðurnesjabæjar. Sandgerðisskóli vinnur samkvæmt skýrum markmiðum sem skipt hefur verið upp í fimm flokka; *þjónusta, innra starf, fjármál, mannauður og samfélag*. Þar má finna leiðir til að ná markmiðunum og mælitæki.

Stefnt er að því að nemendur geti notið bernsku sinnar í skólastarfi, eftt hæfileika sína og séu öruggir í öllu námi og starfi á vegum skólans og að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag þar sem öryggi, vellíðan, heilbrigði og jákvæð samskipti eru höfð í hávegum. Einnig er markmiðið að stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti. Leiðarljós Sandgerðisskóla, bæði í leik og starfi, eru gildin; *vöxtur, virðing, vilji og vinátta*.

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum en skólinn, í samstarfi við heimilin, veitir börnum og unglingum einstaklingsmiðaða menntun til að takast á við líf og starf í skóla án aðgreiningar eins og endurskoðuð Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um (2011 og 2013). Hlutverk skólans eins og segir í skólanámskrá hans er m.a. að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Í henni er kennsluskrá fyrir hvern bekk auk almennra upplýsinga. Þeir nemendur sem víkja frá almennum markmiðum fyrir hvern árgang vinna eftir einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu stjórnenda, kennara, sérkennara, þroskaþjálfara og foreldra undir öruggri stjórn deildarstjóra stoðþjónustu.

2.3 Þjónusta

Stefna Sandgerðisskóla er að:

- standast ætíð kröfur og lög um grunnskóla,
- bjóða upp á vandað einstaklingsmiðað nám við hæfi hvers og eins þar sem tekið er tillit til þjóðernis, félagslegrar stöðu og sérþarfa einstaklinga,
- nemendum líði vel og þyki gaman í skólanum,
- virðing sé höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum starfsfólks, nemenda og foreldra,
- gott upplýsingaflæði sé milli skóla, heimila og samfélags.

2.4 Innra starf

Stefna Sandgerðisskóla er að:

- unnið sé eftir skólanámskrá sem uppfyllir kröfur laga og aðalnámskrár grunnskóla,
- kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og hæfileikar hvers og eins fái notið sín í námsumhverfi sem er aðlaðandi og hvetjandi,
- gera nemendur sjálfstæða í námi,
- fylgja læsisstefnu skólans,
- vinna samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingar (e. Restitution) þvert á allt skólastarf,
- stuðla að auknum félagsþroska nemenda og rækta með þeim mannúð og virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu,
- skipulag nýbúafræðslu og stoðþjónustu sé gott og aðgengilegt þeim sem að því koma,
- námsárangur sé viðunandi og í samræmi við þrepamarkmiðum *aðalnámskrár grunnskóla*,
- þátttaka foreldra sé öflug, víðtæk og markviss,
- sjálfsmat sé hluti af starfi skólans,
- verkferlar og vinnubrögð séu skýr,
- verkaskipting stjórnenda og annarra starfsmanna sé skýr og öllum ljós,
- búnaður og aðstaða sé eins og best verður á kosið,
- halda áfram góðu samstarfi við Leikskólann Græ nuborg þar sem unnið hefur verið að verkefninu „*Brúum bilið*“,
- halda áfram góðu samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskólann við Ármúla,
- halda áfram góðu samstarfi við Tónlistarskóla Sandgerðis,
- agamál og líðan nemenda séu í góðum farvegi,
- að vinna eftir markmiðum nýrrar Fræðslu- og frístundastefnu Suðurnesjabæjar.

2.5 Fjármál

Stefna Sandgerðisskóla er að:

- skólinn hafi á hverjum tíma úr nægu fjármagni að spila til að sinna hlutverki sínu af þeim krafti sem hann ætlar sér,
- rekstur sé sem hagkvæmastur og í samræmi við fjárhagsáætlun.

2.6 Mannauður

Stefna Sandgerðisskóla er að:

- hafa ætíð vel menntað og hæft starfsfólk að störfum,
- starfsmenn taki þátt í mótun skólastarfsins og stefnu skólans,
- móta gott og hvetjandi starfsumhverfi þannig að öllum líði vel í starfi,
- hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín í hvetjandi og uppbyggilegu starfsumhverfi,
- móta sér eigin endurmenntunaráætlun út frá stefnu skólans og þörfum,
- allir starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun við hæfi,
- allir kennarar móti sér áætlun um endurmenntun í samræmi við stefnu skólans,
- allir starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð í skólastarfinu,
- skapa stöðugleika í starfsmannahaldi,
- standa vörð um jafnan rétt kynjanna,
- allir starfsmenn taki þátt í aðgerðaráætlun gegn einelti, að Skjöldur sé virkur.

2.7 Samfélag

Stefna Sandgerðisskóla er að:

- stuðla að samstarfi við grenndarsamfélagið,
- stuðla að jákvæðri ímynd skólans og menntunar,
- vera lifandi miðstöð í bæjarfélaginu þar sem allir eru velkomnir,
- vera öllum opin og í góðum tengslum við nánasta umhverfi, náttúru, menningu og atvinnulíf,
- skólastarfið sé ekki bundið innan veggja skólans og skólahúsnaðið standi annarri uppbyggilegri starfsemi til boða sem stuðlar að velferð samborgara og auki hag samfélagsins.

2.8 Sjálfsmatsviðmið

Við árlega endurskoðun starfsáætlunar fyrir Sandgerðisskóla og áætlunar um úrbætur er unnið út frá útkomu úr fyrra sjálfsmati. Þá er gerð áætlun um úrbætur og viðhald fyrri styrkleika. Þannig eru sett viðmið um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu. Þá er horft sérstaklega til hvers þáttar: þjónustu, innra starfs, fjármála, mannauðs og samfélags.

3 Markmið og tilgangur matsins

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.

Sandgerðisskóli hefur frá haustinu 2007 unnið markvisst að umbótum með sjálfsmati.

Í starfsáætlun skólans og skólanámskrá er stefnu Sandgerðisskóla gerð skil. Hlutverk sjálfsmatsins er að kanna hvort skólinn sé að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram og segja frá þeim úrbótum sem gera þarf til að markmið náist og leiðir til að viðhalda jákvæðum árangri.

3.1 Staða sjálfsmats að vori 2025

Sandgerðisskóli hefur á undanförunum 18 árum innleitt sjálfsmat og þar með eftt innra mat skólans verulega. Kannanir Skólapúlsins og Íslensku æskulýðsrannsókarinnar eru lagðar fyrir nemendur, kannanir Skólapúlsins eru einnig lagðar fyrir foreldra og kennara, allir starfsmenn taka þátt í starfsmannakönnun sem lögð er til grundvallar starfsmannasamtala. Auk þess voru lögð fyrir stöðluð samræmd lespróf og tekur skólinn þátt í stórum rannsóknum á gengi og árangri nemenda m.a. rannsóknum *Rannsóknna og greiningar* og PISA. Til viðbótar þessara stöðluðu kannana hafa reglulega farið fram viðtöl við starfsmenn, foreldra og nemendur.

Kannanir Skólapúlsins hafa myndað langstærstan hluta gagnagrunnsins sem innra matið byggir á, frá ári til árs. En auk þess er notast við formleg próf og annað námsmat, nemendasamtöl, foreldrafundi, starfsmannafundi, starfsmannasamtöl, rannsóknir sem skólinn tekur þátt í, ábendingar og fleira sem að gagni kemur. Samkvæmt Skildi, áætlun skólans gegn einelti, er tengslakönnun gerð árlega sem unnið er markvisst úr.

Upplýsinga hefur verið aflað, unnið hefur verið markvisst að úrbótum, skýrslugerð hefur verið sinnt og formlegar kynningar hafa farið fram ásamt úrbótum á árangursmati. Þá hefur ný Fræðslu- og frístundastefna Suðurnesjabæjar verið samþykkt og gefin út.

3.2 Verkefni og mælikvarðar

Í Sandgerðisskóla er unnið að ýmsum verkefnum sem eru í stöðugri endurskoðun. Hér er átt við vinnu er tengist öllu starfsumhverfinu, vinnu starfsfólks skólans sem og nemenda.

Innan veggja skólans ríkir mikill vilji til að gera vel. Metnaður hefur verið lagður í að byggja upp vettvang til að meta vinnu og starfshætti starfsfólks. Kannanir hafa verið gerðar á meðal starfsfólks, hvað varðar aðbúnað, ráðstöfun auðlinda, þróunarstarf og unnið hefur verið að því að auka ytri tengsl við samfélagið. Kapp hefur einnig verið lagt á að ná fram sem bestum upplýsingum frá nemendum og er það gert t.d. með því að skoða niðurstöður kannana og miða þær við markmiðssetningu haustsins, sem og niðurstöður almenns mats og staðlaðra prófa á ári hverju, nemendasamtala, tengslakannanna, niðurstöðum Skólapúlsins og Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar.

KynStarfsfólk hefur fengið góðar kynningar og hefur greiðan aðgang að öllum niðurstöðum formlegra kannana. Þegar að úrbótastarfi og markmiðasetningu kemur er þessi vitneskja hins almenna starfsmanns afar mikilvæg og það að vera vel upplýstir um stöðu mála eigi hópnum á að takast að ganga í takt og nám þeim markmiðum sem sett eru.

Mikil vinna var lögð í innleiðingu markmiðasetningar s.b. hæfniviðmið og námsmat. Þessi vinna og markmið hafa verið í stöðugri endurskoðun í takt við áherslur í samfélagi og með einstaklingsmiðun og ólíkar þarfir nemenda að leiðarljósi. Þá hafa matsviðmið verið skoðuð, samræmd og aðlöguð í samræmi við aðalnámskrá. Umhverfið þarf að bjóða upp á sjálfsrýni, stöðuga endurskoðun og eflingu mannauðs. Kjarasamningar kennara styðja við þessa vinnu þar sem aukið rými gefst til þróunarvinnu og uppbyggingar faglegra þátta skólastarfsins.

3.3 Matsáætlun

Rammi fyrir matsáætlun – 2021 - 2025 byggð á fyrri matsmarkmiðum.

Til að halda samanburði milli ára eru sömu kannanir lagðar fyrir en einstaka þáttur skoðaður sérstaklega eins og áætlunin gefur til kynna. Auka kannanir eru svo settar inn þar sem það á við.

Viðfangsefni sjálfsmats	2021- 2022	2022- 2023	2023- 2024	2024- 2025	Kennsla, starfþróun og fag- mennska			
					Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf Stjórnun			
Námskrá – skipulag, stefna og markmið		x					x	
Nám – námsmat – námsárangur	x			x				
Líðan nemenda, þarfir, starfsandi		x		x				
					Viðmót og menning skóla		x	x
					Aðbúnaður			x
					Samstarf heimila og skóla		x	x
					Ytri tengsl - samfélag	x		x
					Ráðstöfun auðlinda		x	
					Þróunarstarf – einstök verkefni			x
					Framtíðarsýn 2021-2025	x		x

4 Aðferðir, framkvæmd og niðurstöður sjálfsmats

4.1 Rannsóknaraðferðir og þátttakendur

Rannsóknaraðferðir við sjálfsmat Sandgerðisskóla eru margþættar. Kannanir eru bæði framkvæmdar innan skólans sem og af viðurkenndum fagaðilum sem við eigum í samstarfi við líkt og Skólapúlsinn og Moodup. Haldnir eru fundir, starfsmannaviðtöl fara fram sem og foreldrafundir, foreldrar koma í heimsókn og sækja foreldrasamveru, árangur nemenda er metinn með formlegum prófum og með öðru fjölbreyttu námsmati m.a. sjálfsmati nemenda. Ritaðar eru fundargerðir á formlegum fundum, skólanámskrá er endurskoðuð og gefin út samkvæmt lögum á hverju hausti, starfsáætlun er endurskoðuð og gefin út ár hvert lögum samkvæmt í takt við vinnu að fjárhagsáætlun. Samvinna er við teymi, sérfræðinga og fræðsluskrifstofu Suðurnesjabæjar ásamt samstarfi við Leikskólann Grænuborg. Nánar er fjallað um framkvæmd matsins, útgáfu og kynningar á mati í tímasettri áætlun (sjá töflu).

4.2 Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður sjálfsmats 2024-2025

Skólapúlsinn

Vinna þarf að bættum árangri nemenda með því að efla til muna þrautseigju þeirra í námi, styrkja trú þeirra á eigin getu og með því styrkja sjálfstraust þeirra. Bæta samskipti milli nemenda með áherslu á jákvæðan skólabrag og viðhalda markvissri vinnu með nemendalýðræði og jákvæðni gagnvart náttúrufræði á unglingastigi.

Skoða þarf áfram námsárangur nemenda í Sandgerðisskóla, úrvinnslu námsmats, metnað nemenda og hegðun og aga. Samhliða innleiðingu samræmds námsmats þarf að gera matið meira leiðbeinandi og fjölþættara. Huga þarf að mannauði og tryggja að hver og einn fái að njóta sín sem best í starfi þannig að vinna og kraftur hvers og eins nýtist sem best fyrir alla aðila. Virkja þarf enn frekar samstarf milli heimilis og skóla, nýta bekkjarfulltrúa, áhugasama og meðvitaða foreldra og þann mátt sem býr í öflugum hópi forráðamanna.

Bæta þarf líðan og huga að skólabrag með fjölbreyttum kennsluháttum og vinna markvisst að því að auka vægi gleði og sköpunar í skólasamfélaginu. Rík áhersla hefur verið á skýr og markviss vinnubrögð í lestri, stærðfræði auk skimanna og skýrra vinnubragða við úrvinnslu og undirbúning staðlaðra prófa. Vinnan hefur skilað árangri í lestri og þar er tækifæri til að gera enn betur með skýrum og sameiginlegum markmiðum um árangur og vellíðan.

- Helstu verkefni fyrir komandi skólaár
- Áframhaldandi áhersla á gleði, sköpun og fjölbreytni í kennsluháttum.
- Halda áfram að innleiða Byrjendalæsi, flestir kennarar á yngsta stigi hafa reynslu af því að vinna með Byrjendalæsi þeir sem hafa ekki reynslu fara á námskeið. Mikilvægt að halda verkefnunum og aðferðinni við til að ná sem bestum árangri.
- Halda áfram að vinna að aukinni upplýsingatæknikennslu með forritun og verkfræði ívafi.
- Vinna áfram með samræmt námsmatskerfi.
- Efla enn frekar stoðþjónustu fyrir nemendur með sérþarfir, þjónustan er orðin öflugt kerfi sem er í sífelldri þróun og mótun.
- Auka áherslu á list- og verkgreinar ásamt almennri sköpun og samþætt við annað nám.
- Efla enn frekar Verkval á miðstigi.

- Skerpa á vinnu er varðar hópefli og sjálfstraust nemenda, efla félagsfærni og þrautseigju.
- Vinna markvisst eftir kennsluáætlun Skjaldar, Uppbyggingarstefnunnar og verkefnum út Verkfærakistu Vöndu.

Gagnaöflun, skráning og úrvinnsla

Allt starfsfólk gekkst undir könnun Skólapúlsins og Moodup og að auki svarar allt starfsfólk spurningum um starfið, líðan og stuðning á vinnustað fyrir starfsmannasamtöl að vori.

Þá svara nemendur spurningalista á netinu. Spurningalista Skólapúlsins fyrir nemendur er skipt í fjóra flokka; *Virkni nemenda í skólanum, Líðan og heilsa nemenda, Skóla- og bekkjarandi, Opnar spurningar*. Valið á flokkunum og spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem var samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Umsjónarmenn og ráðgjafar eru Kristján Ketill Stefánsson og Almar Halldórsson. Einnig taka nemendur þátt í Íslensku æskulýðsrannsókninni.

Tilgangur og markmið

Könnun á virkni, líðan og afstöðu nemenda, foreldra og starfsmanna til skólastarfs í Sandgerðisskóla er liður í sjálfsmati skólans. Sjálfsmatið miðar að raunhæfu mati sem hægt er að byggja áætlanir um úrbætur á og taka ákvarðanir er varða framtíð skólastarfsins á grundvelli þess.

Heildar niðurstöður lágu fyrir á vordögum 2025 í formi tölfræðilegra upplýsinga sem settar voru upp í myndrit. Þar kom fram samanburður milli skólans í heild og landsins annars vegar, fyrir mælingar skólaársins sem og samanburður við fyrri ár sem og samanburður milli kynja annarsvegar og árganga hins vegar fyrir nýliðið ár.

- Halda áfram aukinni og góðri samvinnu við félagsþjónustu og leggja áherslu á að hægt sé að veita ráðgjöf og bregðast við ástandi áður en mál eru komin í óefni.
- Opnari skóli, auknar fréttir og upplýsingar um starf innan veggja skólans til samfélagsins.
- Efla enn frekar nýju heimasíðuna með fréttum úr daglegu starfi.

Við höfum nú nokkuð góðan samanburð milli ára þar sem skólinn hefur nýtt sér Skólapúlsinn frá skólaárinu 2008-2009. Niðurstöður fyrir úrtakið eru birtar á vefsvæði skólastjóra þegar um 80% svörun í úrtaki er náð.

Almennt – allir starfsmenn Sandgerðisskóla

Svarhlutfall 90,5%

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins og starfsmannasamtala jókst álag á starfsfólk milli ára þó enn sé marktækt minna álag hér en í samanburðarskólum. Í raun eru niðurstöður nánast óbreyttar frá fyrra ári, hlutverk eru skýr, marktækt minni ágreiningur um hlutverk heldur en gengur og gerist og jákvæðar áskoranir í starfi. Þá telur starfsfólk sig leikið í starfi og mælist markvisst yfir meðaltali skuldbundið vinnustaðnum. Skörun á milli vinnu og einkalífs er minni í Sandgerðisskóla en meðaltal á landsvísu segir til um. Starfsandi og ánægja með vinnuaðstöðu er markvisst betri í Sandgerðisskóla en meðaltal á landsvísu en hefur þó farið lítið niður á við miðað við árið á undan. Þá mælist stuðningur frá samstarfsfólki og stuðningur við nýsköpun marktækt yfir meðaltali og megum við vel við una því. Mismunur mælist nú sem áður markvisst minni í Sandgerðisskóla heldur en á landsvísu. Einelti meðal starfsmanna Sandgerðisskóla er markvisst undir landsmeðaltali og mælist varla, það er góð breyting frá fyrra ári þar sem þá mældist eineltið á pari við landsmeðaltal. Kynferðisleg áreitni mælist ekki.

Hvað varðar stjórnun skólans þá mælist þættirnir: stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta, valdeflandi forysta og ræktun mannauðs markvisst yfir landsmeðaltali.

Hvað varðar kennara þá er ánægja með kennarastarfið langt yfir landsmeðaltali en hefur farið niður á við á milli ára, trú kennara á eigin getu er nánast á pari við landsmeðaltal en hefur farið hrakað frá fyrri könnun. Upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla er yfir landsmeðaltali þrátt fyrir að hafa dalað á milli ára. Áætlaður meðaltími heimavinnu nemenda á viku hefur minnkað frá fyrra ári. Undirbúningur kennslu í skólanum mælist minni en landsmeðaltali og hefur dalað mikið frá fyrra ári en þessa breytingu má væntanlega rekja til óstaðbundinna vinnu kennara. Öllum bekknum kennt í einu mælist á með sömu niðurstöðu og fyrir ári en er undir landsmeðaltali eða tæplega -15,1% þá mælist einnig hópavinna í bekk markvisst undir landsmeðaltali sem mikil breyting frá fyrra ári og mælist -25,% . Einstaklingsvinna í bekk mælist undir meðaltali og hefur dalað frá fyrra ári. Einstaklingsmiðuð kennsla mælist yfir landsmeðaltali en hefur dalað mikið frá fyrra ári. Áhersla kennara á námsmat með prófum mælist yfir landsmeðaltali og námsmat með öðru en prófum hefur aukist mikið og mælist markvisst yfir landsmeðaltali.

Starfsmannasamtöl

Ánægja er með Starfsmannasamtöl og gagnsemi þeirra mælist markvisst yfir landsmeðaltal þá eru niðurstöður starfsmannasamtala sambærilegar þeim sem koma fram í Skólapúlsinum. Starfsandi mælist markvisst yfir landsmeðaltali sem og ánægja með vinnuaðstöðu og aðbúnað. Ánægja með styttingu vinnuviku mælist yfir landsmeðaltali. Starfsánægja mælist mjög há meðal starfsfólks skólans samkvæmt starfsmannasamtölum. Mikilvægt er að viðhalda góðu upplýsingaflæði og er starfsfólk að mestu ánægt með fundarsetu og upplýsingar í vikupistli.

Tækifæri til vaxta

Í könnun Skólapúlsins frá fyrra ári svöruðu kennarar því til að þeir noti stundum fjölbreyttar hópaskiptingar en einstaklingsvinna mældist þá mikil, nú mælist bæði hópaskiptingar og einstaklingsvinna undir landsmeðaltali. Einstaklingsmiðuð kennsla hefur aukist mikið samkvæmt könnun skólapúlsins og er það ánægjuleg þróun sem skólinn hefur stefnt að og mikilvægt er að

viðhalda til að vera í takt við það sem fram kemur í Aðalnámskrá varðand einstaklingsmiðuð nám. Í Aðalnámskrá kemur m.a. fram að einstaklingsmiðuð nám/námsaðlögun og fjölbreyttar kennsluáðferðir með mismunandi fyrirkomulagi (hópaskiptingar og hópavinnu sem dæmi). Mælingar sýna einnig markvissa aukningu á fjölbreyttu námsmati sem er ánægjulegt og breyting til hins betra frá fyrra ári þar sem einsleitt námsmat var áhyggjuefni. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreyttu námmati í samræmi við markmið Aðalnámskrá sem kveður á um að fjölbreytt námsmat við að ná fram hæfniviðmiðum og bera saman niðurstöður við næstu könnun á vordögum 2026.

Starfsumhverfi kennara – kennarar – hafa í huga áfram

- Varðandi starfsumhverfi kennara þá upplifa kennarar sig markvisst fá meiri stuðning vegna nemenda með námserfiðleika og nemenda með hegðunarörðugleika heldur en landsmeðaltal segir til um. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara mælist markvisst meiri hjá kennurum Sandgerðisskóla heldur en á landsvísu. Samráð um kennslu mælist minni hjá kennurum Sandgerðisskóla heldur en á landsvísu og þarf að skoða sérstaklega en samvinna kennara er nánast á pari við meðaltal. Fjöldi daga sem fara í símenntun mælist markvisst yfir landsmeðaltali hjá kennurum Sandgerðisskóla. Símenntunarpörf kennara mælist nánast á pari við meðaltal en hlutfall kennara sem hefðu viljað fá meiri símenntun sl. 12 mánuði mælist markvisst undir landsmeðaltali eða tæp 33,3% en ástæður þess þarf að rýna í þrátt fyrir að margir kennarar séu ýmist að ná sér í kennsluréttindi eða í viðbótarnámi er þetta umhugsunarvert. Síðasta vetur var þónokkuð um námskeið og skipulagsbreytingar til að mæta þessu og má nefna:
- Sérstakir fundir stjórnenda með árgangateymum til að sinna kennsluráðgjöf.
- Námskeiðið Verkfærakistan frá KVAN – til að bæta bekkjarbrag og sinna forvörnum í einelti.
- Stuðningur stoðteymis við umsjónarkennara vegna kennslu nemenda með sérþarfir, sérstakan stuðning eða bráðgera nemendur.

- Viðhaldið var 1,8 stöðugildi vegna kennslu barna með íslensku sem annað mál og farið af stað með stuðning við kennslu í fjölmenningarumhverfi.
- Aukin ráðgjöf til nemenda.

4.3 Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Svarhlutfall 77,7%

Nám og kennsla

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mælist 5,7 miðað við 5,1 á landinu sem er jákvætt marktækur munur. Foreldrar telja almennt að námslegum þörfum nemenda er mætt. Þá eru 96,3% foreldra ánægðir með stjórnun skólans. Foreldrum finnst námsefni hæfilega þungt (80,7% segja svo vera) og er það á pari við landsmeðaltal. Ánægja foreldra með hæfilegan aga í skólanum mælist markvisst yfir landsmeðaltali (78,8%) en hefur dalað á milli ára.

Velferð nemenda

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er á pari við landsmeðaltal, Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda í Sandgerðisskóla mælist 90,5% og er 2% yfir landsmeðaltali. Hvað varðar líðan nemenda í skólanum, kennslustundum og frímínútum, þá telja 92,1% foreldra börnum sínum líða vel í skólanum sem er á pari við landsmeðaltal og 3,1% aukning frá fyrra ári, í kennslustundum telur 92,1% foreldra nemendum líða vel sem er 1% yfir landsmeðaltali og 5,3% aukning frá fyrra ári en 89,8% foreldra telur að nemendum líði vel í frímínútum sem er rétt undir landsmeðaltali. Umfang eineltis er að mati foreldra er 10,2% sem er 5,7% hækkun á milli ára og 1,2% yfir

landsmeðaltali sem verður skoðað sérstaklega. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans í eineltismálum og samskiptavanda er 64,3% sem er 6,6% yfir landsmeðaltali og sama á við um ánægju foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum sem mælist nú 61,5% sem er 5,3% yfir landsmeðaltali. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans mælist 87,9% og er markvisst yfir landsmeðaltali eða 10,8%*.

Aðstaða og þjónusta

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum og tómstundapjónustu mælist markvisst yfir landsmeðaltali. Ánægja með aðstöðu í skólanum mælist 6,3 stig sem er markvisst 0,7* stigum yfir landsmeðaltali og ánægja foreldra með tómstundapjónustu mælist 5,9% og markvisst 7%* yfir landsmeðaltali og 0,7% aukning frá fyrra ári sem er ánægjuleg niðurstaða. Hlutfall nemenda í tómstundapjónustu/frístundaheimili er 69,8% og mælist 3,2% yfir landsmeðaltali og hefur aukist um 3,2% á milli ára. 83,5% foreldra eru ánægðir með máltíðir mötuneytis sem er aukning um 6,9% á milli ára og mælist markvisst 10,8%* yfir landsmeðaltali. Notkun á mötuneyti mælist 96,6% og er 0,3% yfirlandsmeðaltali og hefur aukist um 9% milli ára, möguleg skýring á þessari aukningu gæti verið gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Foreldrasamstarf

Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi mælist 4,8 stig sem er 0,2 stigum hærra en landsmeðaltal og stendur í stað frá fyrra ári. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur mælist 70,3% sem er 15%* hærra en landsmeðaltal. Að leitað sé eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina mælist 76,7% sem er 10,6% hærra en á landsvísu en hefur lækkað um 0,4% á milli ára. Ánægja með foreldraviðtal mælist 97,7% sem er 4,4% hærra en landsmeðaltal og hefur hækkað um 3,5% á milli ára. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum mælist 68,1% og er 14,5%* yfir landsmeðaltali og er nánast á pari við fyrra ár. Mikilvægi þess

að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra mælist 97,1% sem er 9,7% yfir landsmeðaltali og hefur hækkað um 5,7% á milli ára. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans mælist 86,9% sem er 9,5% hærra en landsmeðaltal en hefur lækkað um 4,9% á milli ára. Foreldra upplýstir um stefnu skólans og námskrá mælist 78,4% sem er 8,0% yfir landsmeðaltali og hefur hækkað um 0,6% á milli ára sem er ánægjuleg þróun og er í takt við þær umbætur sem skólinn fór í að kynna stefnu skólans.

Heimastuðningur

Virgni foreldra í námi barna sinna og vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu mælist markvisst yfir landsmeðaltali. Virgni foreldra mælist 5,7 stig sem er 0,8* stigum yfir landsmeðaltali og leit eftir þátttöku foreldra mælist í námi barna sinna 4,9 stig sem er 0,4* stigum yfir landsmeðaltal. Hæfileg heimavinna að mati foreldra mælist 83,3% sem er 10%* yfir landsmeðaltali en hefur lækkað um 0,4% á milli ára. Tími sem foreldra aðstoða nemendur við heimavinnu mælist 79,3% sem er 24,2%* hærra en landsmeðaltal og hefur hækkað um 14,2% milli ára. Væntingar foreldra um háskólanám nemenda mælist 67,1% og er 9,8% minna en landsmeðaltal. Væntingar foreldra um iðnám barna sinna mælast 21,4% og mælast 7,8% yfir landsmeðaltali og hefur lækkað um 4,2% frá fyrra ári.

4.4 Skólapúlssinn - nemendakönnun

Svarhlutfall 86,3%.

Eldri þátttakendur

Úrtak nemenda úr 6. – 10. bekk gengst undir könnun á rafrænu formi í þrígang á skólaárinu. Í september, febrúar og maí. Fjöldi nemenda í hverju úrtaki er jafn úr árgöngum og eftir kyni. Þannig er reynt að tryggja að niðurstöður fyrir hvert úrtak komi frá breiðum hópi nemenda í skólanum og að þær endurspegli stöðu og skoðanir nemenda í öllum bekkjum.

Virgni nemenda í skólanum

Matsþættir í 1	Niðurstaða	N	Breyting	Landlð	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,9	127	0,0	4,2	19.656	-0,3*
1.2. Þrautseigja í námi	4,2	136	0,0	4,5	19.793	-0,3*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,6	136	0,3	4,5	20.045	0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	3,9	135	-0,5	4,3	19.985	-0,4*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,3	135	0,2	4,4	19.737	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,7	133	0,0	4,8	19.976	-0,1
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	88,1%	111/126	6,5%	78,9%	15071/19453	9,2%*
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,6 kist.	110	-0,1 kist.	0,5 kist.	15.018	0,1 kist.*

Líkt og á síðasta ári eru áhyggjur er varða vissa matsþætti sem þó hafa farið upp á við en eru á pari eða rétt undir landsmeðaltali. Ánægja af lestri og þrautseigja í námi hefur staðið í stað á milli ára en er undir meðaltali og þarfnast umbóta. Áhugi á stærðfræði hefur farið upp á við milli ára og er rétt fyrir ofan meðaltal sem er ánægjulegt. Áhugi á náttúrufræði hefur er undir meðaltali og þarfnast úrbóta við sem skóli viljum gera betur á því sviði öll aðstaða til þess er til staðar í skólanum. Þegar kemur að trú á eigin vinnubrögðum í námi sjáum við að umbætur eru að skila árangri í rétt átt. Trú á eigin námsgetu stendur í stað og er rétt fyrir neðan landsmeðaltal. Brugðist verður við niðurstöðum sem eru marktækt undir landsmeðaltali með markvissum hætti.

Líðan og heilsa

Matsþættir 1 í	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,2	131	0,2	4,4	19.654	-0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	129	0,0	4,3	19.581	0,0
2.3. Vellíðan	4,4	129	0,3	4,4	19.824	0,0
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	24	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,9	127	-0,1	5,7	19.768	0,2
2.6. Tíðni eineltis	15,6%	20/128	2,9%	15,8%	3177/19680	-0,2%
2.7. Staðir eineltis	-	18	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	89,8%	114/127	1,8%	89,2%	17614/19669	0,6%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	42,0%	50/119	-4,0%	40,7%	7614/18591	1,3%

Þegar kemur að sjálfsáliti hækkar stuðull skólans lítillega á milli ára sem er gott en betur má ef duga skal og verður að bregðast við þessum niðurstöðum með markvissum hætti. Stjórn á eigin lífi stendur í stað á milli ára og er á pari við landsmeðaltal en unnuð hefur markvisst verið markvisst með lýðræði og áhrif nemenda í skólastarfinu í vetur. Vellíðan nemenda hækkar á milli ára og er á pari við landsmeðaltal. Hvað varðar einelti nálgast Sandgerðisskóli landsmeðaltali og hefur lækkað um 0,1 stig á milli ára. Tíðni eineltis hefur aukist milli ára þrátt fyrir að vera undir landsmeðaltali. Þeir staðir sem nemendur segja einelti eiga sér stað er í samræmi við íslenskar og erlendar rannsóknir og ber þar hæst að eineltið eigi sér stað í frjálsum leik á skólalóðinni utan skólatíma. Fjöldi þeirra nemenda sem eru í mataráskrift hefur aukist í kjölfar þess að boðið er upp á fríar mataráskriftir.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir 1 í	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,6	126	-0,1	4,8	19.453	-0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	5,0	127	-0,1	4,8	19.648	0,2
3.3. Agi í tímum	4,3	126	-0,2	4,8	19.629	-0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	126	0,0	4,8	19.500	0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,0	126	0,0	4,8	19.529	0,2

Samsömun við nemendahópinn hefur nánast staðið í stað mælist rétt undir landsmeðaltali. Samband nemenda við kennara mælist yfir landsmeðaltali og hefur nánast staðið í stað á milli ára. Agi í tímum hefur dalað um 0,2 stig og mælist markvisst 0,5* stigum undir landsmeðaltali. Virk þátttaka nemenda í tímum stendur í stað á milli ára og mælist lítillega yfir landsmeðaltali. Tíðni leiðsagnarmats hækkar á milli ára og mælist yfir landsmeðaltal. Mikilvægt er að leggja áfram áherslu á góðan aga og áframhaldandi vinnu með leiðsagnarmat og verkefni er varða uppbyggingu sjálfsaga, Skjöld og KVAN. Svarhlutfall 86,9%

Yngri þátttakendur – læsi

Nemendur í 2.-5. bekk tóku í fimmta sinn þátt í könnun Skólapúlsins á vorönn. Könnunin skiptist í þrjá liði; ánægja af lestri, ánægja með skólann og vellíðan í skólanum.

Ánægja af lestri

Matsþættir 1 í	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	4,6	22	-1,2	5,0	1.220	-0,4
1.2. Ánægja af lestri 3.b	4,7	31	-0,6	5,2	1.201	-0,5
1.3. Ánægja af lestri 4.b	4,7	25	0,0	4,7	1.204	0,0
1.4. Ánægja af lestri 5.b	3,9	22	-0,2	4,5	1.295	-0,6
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	4,5	100	-0,6	4,8	4.932	-0,3

Ánægja af lestri mældist undir landsmeðaltali í öllum árgöngum nema einum og hefur hrakað á milli ára. Rýnt verður í niðurstöður hvers ágangs og leitað leiða til að auka ánægju nemenda af lestri.

Ánægja með skólann

Matsþættir 1 í	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	5,3	22	-0,9	5,3	1.219	0,0
2.2. Ánægja með skólann 3.b	5,3	31	-0,8	5,3	1.200	0,0
2.3. Ánægja með skólann 4.b	6,2	25	0,8	5,0	1.207	1,2*
2.4. Ánægja með skólann 5.b	4,9	22	-0,4	4,8	1.295	0,1
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	5,5	100	-0,3	5,1	4.933	0,4*

Ánægja nemenda með skólann mældist markvisst yfir eða á pari við landsmeðaltal sem er mjög jákvætt en við viljum gera betur þar sem ánægjan hefur dalað frá fyrra ári.

Velliðan í skólanum

Matsþættir 1 í	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Velliðan í skólanum 2.b	5,0	22	-0,5	5,3	1.218	-0,3
3.2. Velliðan í skólanum 3.b	5,1	31	-0,4	5,5	1.204	-0,4
3.3. Velliðan í skólanum 4.b	5,4	25	0,8	4,9	1.200	0,5
3.4. Velliðan í skólanum 5.b	5,0	22	-0,1	4,7	1.295	0,3
3.5. Velliðan í skólanum 2.-5.b	5,1	100	-0,1	5,1	4.929	0,0

Velliðan í skólanum mælist nánast á pari við landsmeðaltal en hefur dalað frá fyrra ári, rýnt verður sérstaklega í niðurstöðu 2. og 3. bekkjar því við viljum gera enn betur.

4.5 Önnur gögn

Annað mat sem skólinn tekur þátt í en ræður ekki framkvæmd nema að litlu leyti en nýtir sér niðurstöður ásamt öðrum gögnum sem skólanum berast.

- Rannsókn og greining, könnun meðal eldri nemenda
- Íslenska æskulýðsrannsóknin
- Samband sveitarfélaga - mat á skólastarfi
- PISA
- Samræmd könnunarpróf í 4, 7. og 9. bekk en þau voru feld niður á skólaárinu 2021-2022.
- Samræmd lesferilspróf (MMS)
- Læsi – lesskilningspróf fyrir 1. og 2. bekk (MSHA)
- Orðarún og Lesfimi – lestrar og lesskilningspróf (MMS)
- Aðrar kannanir og mat sem Sandgerðisskóli er aðili, beinn- eða óbeinn þátttakandi í.

4.5.1 Ýmsar kannanir

Til annarra gagna sem nýtast við sjálfsmatið teljast meðal annars; Starfsáætlun Sandgerðisskóla, Skólanámskrá Sandgerðisskóla, fjárhagsáætlun Sandgerðisskóla, fundargerðir formlegra funda, samantekt foreldrafunda, samantekt starfsmannaviðtala, samantekt stjórnendaviðtala við kennara, skýrslur þróunarteyma s.s. lestrarteymis, stýrihóps Skjaldar, áætlunar gegn einelti, útkoma úr viðtæku námsmati nemenda þ.m.t. niðurstöður samræmdra könnunarprófa þegar þau eru þreytt, vorskýrslur vegna sérkennslu, vororð kennara, skýrsla um starfsmannahald, fundargerðir skólaráðs Sandgerðisskóla, viðburðaskráning á vefsíðu skólans. Breyting var gerð á fyrirkomulagi starfsmannaviðtala fyrir nokkrum árum og er skráning og undirbúningur fyrir samtöl rafrænn, sem eykur skilvirkni, skráningu og úrvinnslu viðtalanna.

4.3.1 Niðurstöður fleiri þátta

Þeir nemendur sem þurfa séraðstoð í námi og vika frá markmiðum bekkjarnámskrár fylgja einstaklingsnámskrá og einstaklingsáætlun sem umsjónarkennari, deildarstjóri og aðilar stoðþjónustu vinna í samvinnu við foreldra og nemendur sjálfa. Foreldrar samþykkja svo með undirskrift sinni. Í skólalok að vori vinnur kennari ásamt sérkennara vorskýrslu þar sem markmið einstaklingsnámskrárinnar eru metin sérstaklega.

Foreldrasamvera er á haustdögum, samskiptadagur er í lok september og í lok janúar þar sem foreldrar mæta með barni sínu til viðtal við kennara. Sendur er út listi með spurningum og efni til íhugunar fyrir viðtalið. Efni listans síðan rætt í samtali foreldra, nemanda og umsjónarkennara sem tekur niður athugasemdir og niðurstöður fundarins til nánari vinnslu. Einnig hafa nemendur kynnt nám sitt fyrir foreldrum á þessum fundum og hefur það reynst vel. Reglulega eru foreldrar hvattir til að koma í skólann og heimsækja börn sín og taka þátt í starfinu.

Stuðst er við mentor.is samskiptatæki á veraldarvefnum sem gerir samskipti innan skóla skilvirkari og upplýsingagjöf til foreldra, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila öflugri. Rík áhersla er lögð á að foreldrar nýti sér það einnig til upplýsinga um stöðu barns síns í námi og líðan þess. Þar er skrá kennarar inn ástundun hvers og eins nemanda daglega. Færst hefur í aukana að kennarar nýti sér einnig samskipti í gegnum Facebook, þá sérstaklega varðandi tilbreytingu og almennar fréttir til nemenda- og foreldrahóps. Deildarstjóri í samvinnu við aðstoðarskólustjóra fylgist með ástundun hvers og eins og bregst við ef mætingareinkunn er ábótavant líkt og sjá má í skólanámskrá.

Ný heimasíða var tekin í notkun árið 2020 og er mikil ánægja með hana. Henni er ætlað að vera lifandi og í stöðugri þróun þannig að hún standist m.a. auknar kröfur um nýtingu snjalltækja. Heimasíðan er vistuð á slóðinni:

<https://www.sandgerdisskoli.is/>. Þar má afla allra almennra upplýsinga um starfsemi skólans og starfsfólk hans.

Virkt upplýsingaflæði er innan skólans. Notast er við Teams og Sway pistlaformið og vikupistill sendur á allt starfsfólk með tölvupósti og pistil og upplýsingar á starfsmannasíðu Facebook.

Upplýsingaskjór er á kaffistofu þar sem upplýsingar og fundargerðir eru birtar og aðrar upplýsingar er varða starfið. Starfsmannafundur er sjö yfir veturinn og kennarafundur sex. Árgangafundur einu sinni í mánuði sem og sérfræðingateymisfundir en auk þess er fundað mánaðarlega með stuðningsfulltrúum og skólaliðum. Reynt hefur verið að gera fundi skilvirkari og hafa málefni þannig að þeir sem málið varðar séu boðaðir til fundar aðrir ekki.

5 Samantekt og umbótaáætlun

Áætlun um næstu skref

Á haustdögum, skólaárið 2025-2026 verður gefin út starfsáætlun/framkvæmdaáætlun með fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og skýrsla um sjálfsmat skólans fyrir skólaárið 2024-2025 kynnt samfara. Þar fara saman upplýsingar og áætlanir um úrbætur og leiðir að áframhaldandi eða nýjum markmiðum sem samræmast sjálfsmati skólans. Mikilvægt er að kynna sér þessar tvær áætlanir samhliða.

5.1 Matsniðurstöður

Markmið og leiðir til viðhalds jákvæðra atriða og úrbóta varðandi neikvæðar niðurstöður.

5.1.1 Styrkleikar

Þáttur	Mælikvarði	2024-2025	Markmið	Aðgerðir 2025-2026
Ánægja foreldra með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda.	Skólapúls. Foreldrakönnun. Samtöl við foreldra, upplýsingar af teymisfundum.	Foreldrar í Sandgerðisskóla eru ánægðir með hvernig skólinn mætir námsþörfum nemenda. Foreldrar upplifa hæfilegan aga í skólanum. Þeir telja námsefni hæfilega þungt sem er á pari við landsmeðaltal.	Öflugt einstaklingsmiðað skólastarf og fjölbreyttir kennsluhættir. Viðhalda ánægju.	Halda uppi öflugu, fjölþættu, einstaklingsmiðuðu skólastarfi. Viðhafa góð samskipti og virkt upplýsingaflæði.
Ánægja með viðmót og menningu skóla.	Skólapúlsinn, foreldraviðtöl, samtöl við foreldra.	Foreldrar í Sandgerðisskóla eru ánægðir með viðmót og menningu skólans.	Viðhalda þessum niðurstöðum.	Viðhalda góðu viðmóti og menningu skólans.
Ánægja foreldra með samstarf heimili og skóla.	Skólapúlsinn, Foreldrakönnun, samtöl við foreldra af teymisfundum.	Foreldrar í Sandgerðisskóla eru ánægðir með samstarf heimilis og skóla.	Viðhalda mjög góðum niðurstöðum.	Viðhalda góðu samstarfi heimilis og skóla með því að

				virkja foreldra enn frekar í því samstarfi.
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans. Hraða og úrvinnslu skólans í eineltismálum.	Skólapúls. Foreldrakönnun. Samtöl við foreldra, upplýsingar af teymisfundum.	Foreldrar í Sandgerðisskóla eru ánægðir með eineltisáætlun skólans, úrvinnslu mála og hraða á úrvinnslu.	Öflugt starf samskiptateymisins. Skjaldar verði unnið með sama hætti til að viðhalda ánægju.	Halda sama verklegi í Teymi Skjaldar sem hefur reynst vel. Viðhalda góðri upplýsingargjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna varðandi stöðu mála.
Árangur og kennsluhættir.	Skólapúlsinn - Foreldrakönnun, starfsmannasamtöl, samskiptadagar og formlegt námsmat.	Mikill meirihluti foreldra eru ánægðir með kennslu í skólanum og mælist ánægjan markvisst yfir landsmeðaltali. Upplýsingamiðlun til foreldra er góð.	Að stefna að hámarks árangri hvers nemanda út frá þörfum, þannig að allir fái nám við hæfi. Að hver nemandi sýni framfarir, skólustarf sé metnaðarfullt og nemendur fái að njóta sín í krefjandi námsumhverfi.	Mikilvægt að virkja hvern og einn nemanda og aðlaga námsefni að einstaklingum og hópum. Að nám nemenda sé uppbyggjandi og hvetjandi þannig að þrautseigja, samvirkusemi og dugnaður ásamt ánægju og gleði skili nemendum hámarks árangri, sjálfstæði og mannkostum.
Námsaðlögun og kennsla.	Starfsmannasamtöl, Skólapúls á liðnum vetri. Skólapúlsinn - foreldrakönnun	Einstaklingsmiðuð kennsla hefur mælist yfir meðaltali og áhersla á námsmat með prófi hefur aukist. Þetta hefur tekið breytingum á milli ára. Foreldrar eru ánægðir með nám og kennslu í skólanum.	Viðhalda aukinni einstaklingsmiðun og Fjölbreyttum matsleiðum.	Viðhalda þarf námsaðlögun/einstaklingsmiðun og huga að fjölbreyttum matsleiðum.

Námið	Skólapúlsinn – nemendakönnun 6.-10. bekk	Áhugi nemenda á stærðfræði hefur tekið framförum og mælist nú yfir landsmeðaltali,	Viðhalda þessum áhuga með því að hafa fjölbreytta kennslu og fjölbreytt verkefni og matsleiðir.	Efla áhuga nemenda á stærðfræði enn frekar með því að með faglegum stuðningi.
Líðan nemenda	Skólapúlsinn – nemendakönnun 2. – 5. bekk og 6.-10. bekk	Vellíðan nemenda hefur aukist í flestum árgöngum og mælist ýmist rétt undir eða við landsmeðaltal.	Viðhalda þessum niðurstöðum og markvisst efla nemendur í samskiptum.	Efla félagsfærni nemenda bæði seinstaklingslega sem og í hópi með markvissum hætti.
Samskipti nemenda og kennara.	Skólapúlsinn – nemendakönnun. Samtöl og teymisfundir.	Nemendur upplifa að flestir kennarar séu áhugasamir um að þeim líði vel, að þeir fái auka aðstoð frá kennara ef þarf og að flestir kennarar séu sanngjarnir.	Að allir nemendur finni fyrir áhuga og aðstoð kennara sinna.	Auka þekkingu, leikni og hæfni kennara í námsaðlögun og virkri hlustun.
Starfsþróun	Skólapúlsinn - starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl.	Starfsfólk telur sig hafa næg tækifæri til starfsþróunar. Almennt mælist fjöldi daga sem fara í starfsþróun fleiri en gengur og gerist í öðrum skólum.	Að allt starfsfólk fái áfram sama tæki færi til að starfsþróunar.	Viðhalda fjölbreyttu framboði símenntunar fyrir starfsfólk.
Fagmennska	Skólapúlsinn - foreldrakönnun, starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	Að mati foreldra mælist faglegur stuðningur almennt yfir meðaltali. Kennarar meta einnig faglegan stuðning skólastjóra valdeflandi og markvisst meiri en almennt gengur og gerist.	Að foreldrar sem og kennarar finni áfram fyrir faglegum stuðningi í skólastarfi.	Að viðhalda faglegum stuðningi í öllu skólastarfi
Starfsánægja.	Skólapúlsinn - starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl.	Starfsandi mælist góður og starfsfólk er almennt ánægt í starfi, finnur fyrir vellíðan og stuðningi frá samstarfsfólki og stjórnendum. Starfsfólk er	Viðhalda ánægju.	Viðhalda ánægju með virku og lífandi skólastarfi og endurmenntun í takt við þarfir og óskir starfsfólks.

		ánæggt í starfi og með starfsumhverfi sitt. Starfsánægja mælist há. Líðan starfsfólks er góð og tíðni eineltis meðal starfsfólks mælist varla og er langt undir landsmeðaltali.		
Stjórnun skólans	Skólapúlsinn - starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl.	Ánægja starfsfólks með stjórnun skólans mælist marktækt yfir meðaltali á öllum sviðum. Starfsfólk finnur fyrir stuðningi frá næsta yfirmanni og finnst stjórnun skólans sanngjörn og valdeflandi.	Viðhalda ánægju.	Viðhalda ánægju með stjórnun skólans með því að viðhalda sambærilegum stuðningi og valdeflingu.
Aðbúnaður	Skólapúlsinn - foreldrakönnun, starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	Almenn ánægja er meðal foreldra með aðbúnað í skólanum. Þá mælist ánægja starfsfólks með vinnuaðstöðu mjög góð.	Viðhalda ánægju.	Viðhalda ánægju með því að bæta og laga aðbúnað og aðstöðu jöfnum höndum.
Ytri tengsl við samfélag	Skólapúlsinn - foreldrakönnun,	Foreldrar eru ánægðir með að fá að taka þátt í námsáætlunum nemenda sinna og ábendingar þeirra varðandi skólastarfið eru teknar til greina.	Viðhalda góðu samstarfi og ánægju.	Viðhalda áframhaldandi samvinnu milli heimila og skóla og kalla eftir þátttöku samfélagsins í ákvarðanatöku er varðar skólastarfið.

1.2 Veikleikar

Markmið og leiðir til úrbóta

Páttur	Mælikvarði	2024-2025	Viðmið	Aðgerðir 2025-2026
Kennsla	Skólapúlsinn - starfsmannakönnun	Hópavinna og þar sem öllum bekknum er kennt í einu mælist markvisst minni en almennt gerist. Samráð kennara um kennslu mætist minna.	Skólinn er teymiskennsluskóli og verður markvisst unnið að því að auka við hópavinnu.	Skólinn er teymiskennsluskóli og það er skýring á niðurstöðum. Efla þarf fjölbreyttar kennsluaðferðir og styðja enn frekar við samráð milli kennara.
Nám, námsmat og árangur	Skólapúlsinn – nemendakönnun 2. – 5 bekk. Lesferill	Ánægja af lestri mælist undir landsmeðaltali. Bæta þerf árangur skólans í lesferli.	Efla enn frekar færni nemenda í lestri og leita leiða til þess að viðhafa fjölbreyttar aðferðir.	Verkefnastjóri læsis fylgir læsisfærni nemenda eftir með ígrundun og íhlutun. Vekefnastjórinn vinnur í nánú samstarfi við kennara og kennsluráðgjafa Mennta- og tómsundasviðs.
Nám, námsmat og árangur	Skólapúlsinn – nemendakönnun 6.-10. bekk. Lesferill	Ánægja af lestri mælist undir landsmeðaltali. Ánægja nemenda af náttúrufræði hefur farið mikið aftur. Ánægjan mælist markvisst undir meðaltali. Bæta þerf árangur skólans í lesferli.	Efla enn frekar færni nemenda í lestri og leita leiða til þess að virkja nemendur við lesturinn á sem fjölbreyttastann hátt. Leita leiða til að efla náttúrufræðikennsluna með það að markmiði að auka við ánægju nemenda og kveikja á áhuga þeirra.	Verkefnastjóri læsis fylgir læsisfærni nemenda eftir með ígrundun og íhlutun. Vekefnastjórinn vinnur í nánú samstarfi við kennara og kennsluráðgjafa Mennta- og tómsundasviðs. Mikilvægt að virkja hvern og einn nemanda í náttúrufræði og aðlaga námsefni að einstaklingum og hópum.

				Hafa fjölbreytt verkefni, efla verklega kennslu og hafa fjölbreitt námsmat og verkefnaskil.
Starfsþróun	Skólapúlsinn - starfsmannakönnun.	Þörf á starfsþróun starfsfólks er umtalsvert minni en gengur og gerist.	Margir starfsmenn eru í háskólanámi og það er skýring á þessum niðurstöðum.	Rýnt verður enn frekar í svör starfsmanna og tekin ákvörðun um hvort auka þurfi þátttöku starfsfólks í símenntun.
Velliðan nemenda í skóla, hefur tekið framförum en betur má ef duga skal.	Skólapúls nemenda og foreldra. Samtöl við foreldra, upplýsingar af teymisfundum.	Foreldrar í Sandgerðisskóla eru ánægðir með viðbrögð skólans ef börnum þeirra líður ekki vel í skólanum. Velliðan nemenda hefur aukist á milli ára og mælist við eða rétt undir landsmeðaltali í flestum bekkum.	Viðhalda góðum viðbrögðum skólans og efla ánægju og velliðan nemenda.	Auka enn frekar fjölbreytta vinnu með líðan nemenda. Vinna markvisst með verkefnum úr kennsluáætlun Uppbyggingar, Skjaldar og Verkfærakistu KVAN.
Sjálfsálit nemenda, velliðan og trú á eigin vinnubrögðum í námi.	Skólapúlsinn nemenda- 6.- 10. bekk	Sjálfsálit, velliðan og trú á eigin vinnubrögðum í námi eru þættir sem rýna þarf í á næsta skólaári þrátt fyrir að þeir þessir þættir séu ekki viðfangsefni sjálfsmatsins á þessu skólaári þá koma þeir ekki nægilega vel út.	Efla þarf sjálfstraust nemenda og með því auka velliðan og trú á eigin getu.	Markvisst vinna með verkefni úr kennsluáætlun Uppbyggingar, Skjaldar og Verkfærakistu KVAN með það að markmiði að auka sjálfstraust, velliðan og trú nemenda á eigin getu.

6 Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026

Unnið verður áfram að viðtækri öflun upplýsinga með viðtæku mati á skólastarfinu skólaárið 2025-2026 samkvæmt verkáætlun. Í kjölfar mats og útgáfu sjálfsmatsskýrslu fylgja kynningar og áætlun um framhald matsins fyrir komandi skólaár. Tryggja þarf að könnun fari fram meðal nemenda, foreldra og starfsfólks í samvinnu við Skólapúlsinn. Sérstakri athygli verður beint að (fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðun), þar verða stefna og markmið skoðuð, huga þarf að námi nemenda, námsmati og námsárangri, líðan nemenda, þörfum þeirra og starfsanda, byggja upp sterka sjálfsmynd með stuðningi verkefna uppbyggingarstefnunnar, Skjaldar, KVAN og Hugarfrelsis. Þá verður farið í að meta viðmót og menningu skóla sem og samstarf heimila og skóla og áður taldir þættir verða skoðaðir sérstaklega ofan í kjölinn á næsta ári. Sjá verkáætlun sjálfsmats 2025-2026 í Framkvæmdaráætlun fyrir skólaárið

Verkáætlun sjálfsmats 2025-2026

2025	Verkefni	Áætlun	Ábyrgð
Júní	Kynning á niðurstöðum foreldra- og starfsmannakannanna. Frumniðurstöður kynntar starfsmönnum.	Kynna niðurstöður og ræða þær meðal starfsmanna. Viðra hugsanlegar úrbætur og ástæðu fyrir niðurstöðum.	Skólastjórnendur.
Júní - ágúst	Sjálfsmatsskýrsla unnin og kynnt fyrir fræðsluráði. Farið vel yfir helstu niðurstöður matsins.	Farið yfir alla þætti áætlunarinnar og þeir metnir.	Skólastjóri.
Júní – október	Starfsáætlun 2025-2026	Starfsáætlun unnin. Kynnt á nýju skólaári í október 2025.	Skólastjórnendur.
Júní - september	Vinnumat og vinnuskýrslur	Unnið að vinnumati í samvinnu við kennara. Vinnuskýrslur er kynntar fyrir starfsfólki og kennurum til samþykktar og undirritunar.	Skólastjóri.
Ágúst - október	Upprifiun á niðurstöðum kannanna frá skólaárinu 2025-2026 og úrbótaáætlun sérstaklega kynnt og endurskoðuð með starfsfólki.	Taka fyrstu skref í úrbótaáætlun með kynningu.	Skólastjórnendur.
Ágúst – október	Kynning á sjálfsmatsskýrslu og áætlunum skólans um úrbætur og viðhald.	Hafa allt skólasamfélagið með í vinnu við úrbætur. Sérstök áhersla á samstarf heimila og skóla og þátttöku foreldra.	Skólastjórnendur.

Ágúst – desember	Endurskoðun / útgáfa skólanámskrár.	Ný og endurbætt skólanámskrá skólans sem samræmist nýjum áherslum hefur verið kynnt, nú fest í sessi.	Skólastjórnendur.
September	Samskiptadagur	Kynningafundur fyrir foreldra þar sem skólastarfið er kynnt og skoðanir foreldrar viðraðar. Nemendur setja sér markmið.	Kennarar og skólastjórnendur.
September	Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2026.	Fjárhagsáætlun með framkvæmdaáætlun fyrir árið 2026 gefin út og kynnt. Skýrslu skilað til Suðurnesjabæjar.	Skólastjóri.
Október	Tengslakönnun lögð fyrir í öllum bekkjum og nemendaviðtöl framkvæmd.	Líðan og samskipti innan bekkja kortlögð og gripið til úrræða ef þurfa þykir.	Umsjónarkennarar, námsráðgjafi, Skjöldur og Skólastjórnendur/deildarstjóri.
Október	Uppgjör foreldraviðtala.	Farið yfir helstu niðurstöður foreldraviðtala á kennarafundi – áætlun um úrbætur sett fram.	Skólastjórnendur/deildarstjórarnir.
Desember 2025 – janúar 2026	Námsmat við lotu- og annarskipti	Mat út frá hæfniviðmiðum fer fram, kennarar gefa nemendum umsögn.	Skólastjórnendur, deildarstjórnar og kennarar.
September, október 2025 og febrúar, apríl 2026	Skólapúlsinn lagður fyrir.	Skólapúls lagður rafrænt fyrir úrtak nemenda eldri bekkja í þrígang yfir skólaárið. Skólapúls Sandgerðisskóla lagður fyrir yngri nemendur (2. – 5. bekk). Svokölluð broskallakönnun.	Aðstoðarskólastjóri.
2026			
janúar	Samskiptadagur.	Foreldrar mæta til viðtals hjá umsjónarkennara. Málefni nemandans rædd, árangur, ástundun og líðan.	Deildarstjórnar og kennarar.
Febrúar - mars	Starfsmannasamtöl.	Allt starfsfólk mætir í samtali að undangengnum svarlista. Stjórnendur skipta með sér samtölum.	Skólastjórnendur.
Febrúar - mars	Kynning á niðurstöðum Skjaldar Um nýja könnun er að ræða samkvæmt eineltisáætlun	Víðtæk kynning innan skólans, til foreldra og skólamálayfirvalda.	Eineltisteymi – Kynning til fræðsluráðs á ábyrgð skólastjóra.

Maí	Talkennsla – sérfræðiaðstoð metin.	Deildarstjórar fara yfir skýrslu með talmeinafræðingi, fara yfir veturinn og leggja línur fyrir næsta vetur.	Stjórnendur/deildarstjóri stoðþjónustu.
Júní	Uppgjör sérkennslu.	Fundað með öllum þeim sem koma að sérkennslu í skólanum. Skýrslum nemenda skilað og starfið metið, áætlun fyrir næsta ár lögð fram.	Stjórnendur/deildarstjóri stoðþjónustu.
Júní	Uppgjör nýbúafræðslu.	Fundað með öllum þeim sem koma að nýbúafræðslu í skólanum. Skýrslum um nemendur skilað og starfið metrið, áætlun fyrir næsta ár lögð fram.	Skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar í nýbúafræðslu.
Júní	Framtíðarsýn - Fræðslu- og frístundastefna Suðurnesjabæjar	Leggja mat á það hvort að þeim markmiðum sem sett voru í nýrri Mennta- og tómstundastefnu 2024-2027 hafi miðað í rétta átt og framhald skoðað. Formlegri sjálfsmatsskýrslu skilað.	Stjórnendur.
Júní og ágúst	Uppgjör á samstarfi Sandgerðisskóla og leikskólans Grænuborgar í Sandgerði (Suðurnesjabæ). Gögn varðandi væntanlegan hóp lögð fyrir og farið yfir niðurstöður Hljómprófs.	Fundur haldinn með stjórnendum leikskólans Grænuborgar og farið yfir samstarf og markmið vetrarins metið. Línur lagðar fyrir komandi vetur. Áætlun lögð fram. Farið yfir væntanlegan hóp nemenda í 1. bekk (2025-2026)	Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu.
Júní – september	Sjálfsmatsskýrsla.	Sjálfsmatsskýrsla og áætlun fyrir skólaárið 2025-2026 unnin og kynnt.	Stjórnendur – sjálfsmatsteymi.
Á tveggja vikna fresti yfir skólaárið	Nemendaverndarráðsfundir. Teymi: aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, nemendaráðgjafi, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og aðili frá félagsþjónustu.	Farið er yfir mál einstakra nemenda sem þurfa á einhvern hátt sérmeðferð, vinnslu eða úrræði. Skýrsla í formi fundagerðar liggur fyrir eftir hvern fund - Trúnaðarmál. Leiðir í sérfræðiaðstoð í sífelldri skoðun.	Skólastjórnendur og Fræðsluskrifstofa.

6.1 Árangursmiðun – Framtíðarsýn metin

Ný stefna í skólamálum; Mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar tók gildi í janúar 2025. Fara þarf vel yfir markmið næstu fimm ára og setja þau upp í takt við stefnu bæjarins í skólamálum.

Lestur og lesskilningur.

Vinna samkvæmt lestraráætlun Sandgerðisskóla, stefna að því að allir nemendur lesi daglega í skóla og heima. Gera framfarir enn sýnilegri, setja markmið með nemendum og forráðamönnum og efla eftirfylgd með heimalestri. Lögð sé áhersla á lesskilning, orðaforða og málskilning í öllum fögum í skólanum.

Hvernig miðar okkur áfram 2026:

Allir lesa á hverjum degi í skólanum

Stuðningur, lestrarsprettir, aukinn stuðningur frá lestrarteymi, verkefnisstjóri, sjálfboðaliðar.

Allir lesa heima á hverjum degi

Fylgt vel eftir.

Lestrarstefnu fylgt upp allan skóla (1. – 10 bekk)

Lestrarstefna endurskoðuð og hún kynnt fyrir öllu starfsfólki og foreldrum

Mjög öflugt lestrarteymi og tveir verkefnastjórar læsis.

Mikilvægur stuðningur frá kennsluráðgjöfum Mennta- og tómstundasviði Suðurnesjabæjar

Velliðan nemenda í skóla.

Vinna samkvæmt áætlun Uppbyggingar, Skjaldar og Verkefnakistu KVAN. Einnig unnið með Hugarfrelsi, bekkjarfundir haldnir einu sinni í viku samkvæmt kennsluáætlun Uppbyggingar. Vinna með þarfir og líðan markvisst og aðstoða hvern nemanda við að finna styrkleika sína.

Hvernig miðar okkur áfram 2026:

Líðan nemenda er betri - mikilvægt að rýna betur í orsakir og viðhalda því sem gengur vel

Minna tíðni eineltis – en mikilvægt er að rýna vel í orsakir

Allir halda bekkjarfundi vikulega í leið að úrbótum

Unnið er að uppbyggingu hvers og eins nemanda samkvæmt áætlun Uppeldi til ábyrgðar

Vinnu að uppbyggingu fylgt vel eftir af stjórnendum

Stefna og skipulag í Uppbyggingar, Skjaldar og Verkefnakistu KVAN endurskoðuð og kynnt fyrir öllu starfsfólki og foreldrum.

Starfsfólk verður eflt í þessari vinnu og verður endurmenntun tekin fyrir á heilum starfsdegi í október.

Mikilvægt er að styðja enn frekar við bekkjarvinnu varðandi lífsleikni nemenda.

Sandgerðisskóli 2025


Sandgerðisskóli
væntur – virðing – vilji – vináttu

Bylgja Baldursdóttir, skólustjóri

Innra mat

Hvað er það og fyrir hvern?

Innra mat samanstendur af greiningu á gögnum um og úr skólastarfi sem saman er safnað yfir veturinn ásamt faglegri ígrundun stjórnenda og starfsfólks. Þannig verður starfsfólk meðvitaðra um hversu vel tekst að ná markmiðum, fylgja Aðalnámskrá og hvaða árangur sé af starfi skólans allt með þarfir nemenda í huga. Byggt er á leiðbeiningum um innra mat grunnskóla eftir Sigríði Sigurðardóttur (2016) og unnið út frá spurningunum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru styrkleikar okkar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Innra mat er sífellt endurtekið ferli sem sett er upp í 5 skref:



Kerfisbundið – markmiðabundið- samstarfsmiðað – byggt á traustum gögnum – greinandi og umbótamiðað – samofið öllu skólastarfi – opinbert